



Menntasvið - frístundadeild

# Sumarnámskeið

## 2021



Skýrsla sumarnámskeiða 2021

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026

## Sumar í Kópavogi.

Uppfærslu á kynningarefni á vef sumarnámskeiða SUMAR Í KÓPAVOGI var að mestu lokið þegar opnað var fyrir skráningar á námskeið Sumardaginn fyrsta 22. apríl. Einstaka kynningar bárust síðar og engu að síður settar á vefinn. Auglýsingar og kynningar á vef sumarnámskeiða, birtust á heimasíðu Kópavogsbæjar, á facebooksíðu Menntasviðs „Skólar og frístundir“, auglýst var í bæjarblöðum, Kópavogspóstinum og Kópavogsblaðinu og á [vef Kópavogsblaðsins](#). Auk þessa voru forstöðumenn félagsmiðstöðvanna hvattir til að kynna Sumarsmiðjurnar og unglingastarf félagsmiðstöðvanna í gegnum Mentor.

## Undirbúningsnámskeið fyrir starfsfólk sumarnámskeiða.

Starfsfólk á sumarnámskeiðum frístundadeildar og sumarstarfsfólk íþróttafélaganna sækja námskeið í skyndihjálp og leiðtoganámskeið í fyrstu viku júní. Í Kópanesi (sjávaríþróttir) voru undirbúningsnámskeið í siglingum og öryggi tengt því. Þá tók hluti starfsfólks á námskeiðinu Sumarfrístund í Hörðuvallaskóla, öryggisnámskeið og sundpróf en það er mikilvægur þáttur í að auka öryggi barna þegar farið var með þau í sund.

### Sumarvefur Kópavogsbæjar

Á sumarvef Kópavogsbæjar er að finna fjölbreytt og skemmtileg frístunda-, leikja- og íþróttanámskeið fyrir börn, unglinga og ungmenni. Námskeið og atvinnuverkefni á vegum Frístunda- og íþróttadeildar Menntasviðs eru m.a.

- Siglingar og sjávaríþróttir Kópanes við Naustavör
- Smíðavöllur við Smáraskóla
- Sumarsmiðjur í félagsmiðstöðvum í öllum skólahverfum
- Hrafninn frístundaklúbbur, sumarnámskeið fyrir börn og unglinga með fötlun
- Tréð atvinnu- og frístundaúrreði fyrir ungmenni með fötlun á aldrinum 17 til 25 ára.
- Götuleikhús unglinga atvinnuverkefni á vegum Vinnuskóla Kópavogs
- Skapandi sumarstörf í Molanum ungmennahúsi

Skráningar á sumarnámskeið hefst á Sumardaginn fyrsta.

Undir hnappnum “Önnur námskeið” er að finna fjölbreytt önnur sumarnámskeið á vegum íþróttafélaga í Kópavogi og annarra tómstunda- og félagasamtaka, auk ýmissa annarra námskeiða utan Kópavogs. Helstu nýjungar í sumar eru eftirfarandi.



- Trampólín námskeið hjá Gerplu
- Námskeið hjá Rauða krossinum
- Sumarbúðum skáta á Úlfjótavatni
- Sumarfrístund í Hörðuvallaskóla.

Verið velkomin í litríkt sumarstarf í Kópavogi.

Gleðilegt sumar.

Hér má sjá nánari upplýsingar um fjölda sumarnámskeiða og [námskeiðsvikur sumarið 2021](#).



## Sumarnámskeið frístundadeildar.

**Smiðavöllur v/Smáraskóla.** Tímabil frá 14. júní – 09. júlí. Aldur 9 til 13 ára. Tímabil 12. – 23. júlí. Aldur 7 til 9 ára. Námskeiðsgjald:

7.500 kr. hver vika. Umsjón. Darri Freyr Þrastarson.

**Sumarsmiðjur í félagsmiðstöðvum.** Tímabil frá 14. júní – 09. júlí. Aldur 9 til 13 ára.

Námskeiðsgjald: Breytilegt eftir smiðjum frá 800 – 2600 kr.

Umsjón. Forstöðumenn félagsmiðstöðva.

**Velkomin verkefni** í Kjarnanum, tímabil frá 14. júní – 09. júlí. Aldur 10 til 16 ára.

Umsjón. Forstöðumaður í Kjarnanum.

**Kópanes sjávaríþóttir v/Naustavör.** Tímabil frá 14. júní - 23. júlí. Aldur 9 til 13 ára.

Námskeiðsgjald: 7000 kr. hver vika. Umsjón Ágúst Þór Sólímann.

**Götuleikhús – listsköpun** unglunga í Vinnuskóla Kópavogs, vikufjöldi í samræmi við úthlutaðar vinnustundir. Aldur 16 og 17 ára.


Umsjón. Júlíana Kristín Jónsdóttir leikkona og sviðhöfundur.

**Frístundaklúbburinn Hrafninn.** Tímabil frá 14. júní - 23. júlí og 09. – 20. ágúst. Aldur 7 til 16 ára. Námskeiðsgjald 10.200 kr. hver vika og gæsla 500 kr. hver klukkustund.

Umsjón Guðmunda Brynja Óladóttir

**Tröð ungmennastarf**, vinnu - og frístundaklúbbur fyrir ungmenni með fötlun. Aldur 17 til 25 ára. Vinnutími ungmenna allt að 8 vikur frá 1. júní – 23. júlí. Að loknu vinnutímabili í Tröð er boðið uppá frístundanámskeið í 3 vikur frá 26. júlí -13. ágúst.

Námskeiðsgjald kr. 10.200 fyrir hverja viku. Umsjón. Lísbet Grönvaldt Björnsdóttir.



Fjöldi skráninga yfir tímabil sem námskeiðið stendur.

## Ný sumarnámskeið 2021

- ❖ Sumarfrístund í 5 vikur í Hörðuvallaskóla fyrir 7 til 9 ára
- ❖ Trampólín námskeið hjá Íþróttafélaginu Gerplu fyrir 8 til 12 ára
- ❖ Leynileikhúsið 3 vikur fyrir 7 til 12 ára
- ❖ Bogginn bogfímifélag með námskeið fyrir 6 til 14 ára
- ❖ Námskeið Rauða krossins fyrir 12 til 16 ára
- ❖ Sumarbúðir á Úlfjótssvatni fyrir 8 til 12 ára
- ❖ CrossFit Sport fyrir 9 til 12 ára

## Fjölgun/fækkun á sumarnámskeiðsvikum.

**Sumarfrístund í Hörðuheimum** Hörðuvallaskóla fyrir 7 til 9 ára börn. Námskeiðin voru í 5 vikur frá 14. júní – 16. júlí.

**Smíðavöllur við Smáraskóla** lenging um 2 vikur frá 12. – 23. júlí fyrir 7 til 9 ára

**Kópanes sjávaríþróttir**, í sumar var gerð breyting á uppsetningu námskeiðanna m.a. til að fleiri börn fái að njóta. Sett voru upp vikunámskeið í stað 2ja vikna námskeiða áður, auk þess var hækkað fjöldi barna á hvert námskeið úr 15 í 20 börn.

**Frístundaklúbburinn Hrafninn**, umsóknar fyrirkomulagi í Hrafninn var breytt þannig að forráðamenn gátu valið um námskeið frá 14. júní – 23. júlí og 09. – 20. ágúst. Til þessa hafði seinna tímabil aðeins verið ætlað þeim sem brýnustu þörfina höfðu fyrir lengri þjónustu. Starfsemi í Hrafninum var lokað 26. júlí – 06. ágúst en ef þörf var fyrir þjónustu á þessu tímabili var mögulegt að sækja um stuðning á almenn sumarnámskeið.

**GKG golfnámskeið** fækkaði um 1 viku (8. – 12. júní). **Skýring:** skólaslit 10. júní.

**Breiðablik** fjölgaði námskeiðum í skák um 3 vikur og karatenámskeiði um 1 viku.

**Skátafélagið Kópar og Tennishöllin** fjölguðu námskeiðum um 1 viku í ágúst.

**Gerpla** stóð fyrir nýju námskeiði í sumar – Trampólín námskeið í 4 vikur.

**Leynileikhúsið** með sumarnámskeið í 3 vikur

**Sumarbúðir skáta** koma inn með 3 vikna námskeið.

**Dans Brynju Péturs** bæta við 3 námskeiðum frá fyrra ári.

**Söguheimar** bæta við 1 námskeiði.

**CrossFit** sport bjóða upp á námskeið í 5 vikur.

## Sumarsmiðjur í félagsmiðstöðvum, breytt fyrirkomulag.


Í ár var fyrirkomulagi Sumarsmiðja í félagsmiðstöðvum breytt. Breytingin var gerð til þess að:

- ❖ Að auka möguleika á að sameina þátttöku barna á milli nærliggjandi skólahverfa og ná þannig meiri þátttöku í smiðjurnar
- ❖ Aukin áhersla lögð á að bjóða 7. bekkjar börnum í dag – og kvöldopnanir félagsmiðstöðvanna.
- ❖ Auka sértækt hópastarf fyrir unglinga innan félagsmiðstöðvanna
- ❖ Lengja opnunartíma yfir daginn fyrir unglingana

Myndin hér fyrir neðan sýnir smiðjuvikurnar í félagsmiðstöðvunum. Í Dimmu, Ekkó, Fönix, Igló, Kúlunni og Þebu var ein smiðjuvika en í Jemen og Pegasus voru smiðjuvikurnar fjórar. Smiðjurnar voru á tímanum frá kl. 10.00 - 12.00 og frá kl. 13.00 - 15.30. Velkomin verkefnið var í Kjarnanum í 4 vikur en það er dagskrá ætluð börnum og unglingum með annað móðurmál en íslensku.


| Sumarsmiðjur 2021                | 14.-18. júní | 21.-25. júní | 28. júní-2. júlí | 5.- 9. júlí |
|----------------------------------|--------------|--------------|------------------|-------------|
| Dimma Vatnsendaskóla             | X            |              |                  |             |
| Ekkó Kársnesskóla                |              | X            |                  |             |
| Fönix Salaskóla                  |              |              | X                |             |
| Igló Snælandsskóla               |              |              |                  | X           |
| Jemen Lindaskóla                 | X            | X            | X                | X           |
| Kúlan Hörðuvallaskóla            |              | X            |                  |             |
| Pegasus Álfhólsskóla             | X            | X            | X                | X           |
| Þeba Smáraskóla                  | X            |              |                  |             |
| Í Kjarnanum VELKOMINN programmið | x            | x            | x                | x           |

x merkir smiðjuvikurnar



Fjöldi skráninga yfir tímabil sem námskeiðið stendur.

**Sumaropnun fyrir unglinga** í félagsmiðstöðvunum hófst 1. júní og stóð yfir til 09. júlí.



**Komur unglinga í sumaropnanir á tímabilinu**

### Nýsköpunarverkefni – FÉLKÓ flakkandi félagsmiðstöð

Félagsmiðstöðvarnar fengu styrk frá Félagsmálaráðuneytinu til að auka stuðning við börn í skipulögðu frístundastarfi á aldrinum 12 til 16 ára. Nýsköpunarverkefnið fékk nafnið **FÉLKÓ**-flakkandi félagsmiðstöð. Tilgangur flakkandi félagsmiðstöðvar var áframhald af sumaropnun félagsmiðstöðva og starfaði þvert á Kópavog og ekki bundinn við eitt hverfi.

**Markmið** með **FÉLKÓ**-flakkandi félagsmiðstöð var að virkja áfram einstaklinga sem þurftu sérstaka hvatningu og stuðning vegna félagslegrar stöðu sinnar og bjóða ungu fólki í bæjarfélaginu skemmtilegt og uppbyggilegt frístundastarf með sínum jafnöldrum. Lögð var áhersla á að hafa umhverfið jákvætt og uppbyggjandi, efla félagsfærni, styrkja sjálfsmynd unglinga og gera þeim mögulegt að uppgötva styrkleika sína. Þátttaka var unglingunum að kostnaðarlausu.

Starfsmenn verkefnisins sinntu m.a. vettvangsstarfi til að auka sýnileika þeirra í hverfum bæjarins, spjalla við unglinga og koma í veg fyrir óæskilegar hópamyndanir. Unnið var í góðu samstarfi við foreldra, velferðarsvið, lögreglu og aðra sem koma að málefnum ungs fólks í bæjarfélaginu. Fjöldi starfsmanna í verkefninu var níu og skipt upp í tvö vinnuteymi, efri og neðri byggð. Tímabilið sem **FÉLKÓ** – flakkandi félagsmiðstöð starfaði var frá 14. júlí - 4. ágúst.

### **Stuðningur á almenn sumarnámskeið fyrir börn/unglinga með fötlun.**

Þjónusta við börn með fötlun hefur farið ört vaxandi og hefur umsóknum um stuðning á **almenn sumarnámskeið og stuðning í Vinnuskóla** fjölgað á milli ára. Í sumar bárust 19 umsóknir um stuðning og aldursbil umsækjenda var frá 7 ára (sumar eftir fyrsta skólaár) til 16 ára. Úthlutunartímabil var frá 14. júní – 21. ágúst. Í sumar var fyrirkomulagi umsóknarfrests breytt. Fram til þessa var umsóknarfrestur til 30. apríl ár hvert, í sumar var umsóknarfrestur settur á 3 tímabil.

**Lokafrestur til að sækja um stuðning á námskeið í júní var til 15. maí**

**Lokafrestur til að sækja um stuðning á námskeið í júlí var til 15. júní**

**Lokafrestur til að sækja um stuðning á námskeið í ágúst var til 15. júlí**




Breytingin var gerð til að veita forráðmönnum aukið svigrúm í umsóknarferlinu.

Á alfred.is var auglýst eftir starfsfólki í stuðning á almennu sumarnámskeiðin. Ráðnir voru 6 einstaklingar og ákvörðun um fjölda þeirra tók mið af fjölda umsókna frá sumri 2020. Stuðningsaðilar komu einnig í störf í Hrafninum og Tröð þegar þess var þörf og svigrúm var til.



## Sumarfrístund í Hörðuheimum Hörðuvallaskóla.


Sumarfrístund fyrir 6 (á 7 aldursári) til 9 ára börn var tilraunaverkefni á vegum Menntasviðs í sumar. Námskeiðin voru í 5 vikur frá 14. júní – 16. júlí. Umsjón með Sumarfrístund var í höndum forstöðumanna Hörðuheima auk 9 annarra starfsmanna. Í verkefnið **Átaksverkefni Vinnumálastofnunar** var sótt um 6 stöðugildi. Námskeiðin voru heilsdagsnámskeið frá kl. 09.00 – 16.00 og boðið uppá gæslu á milli kl. 08.00 – 09.00 og 16.00 – 17.00. Námskeiðsgjald fyrir hvert barn var 10.200 kr. á viku og gæsla kr. 5000 á viku ef nýtt var gæsla að morgni og í eftirmiðdaginn 5 daga vikunnar. Meðaltal fjölda barna í hverri viku voru 34 börn.






### Sumarnámskeið Íþróttar og -tómstundafélaga.

Heilt yfir voru heldur færri skráningar á sumarnámskeið íþróttafélaganna og fannst munurinn helst á tímabilinu eftir miðjan júlí og út júlímánuð. Einstaka námskeið voru feld niður og eða þátttaka sameinuð með öðrum námskeiðum innan hvers íþróttafélags. Námskeiðstímabil var frá 14. júní – 6. og 13. ágúst. Þátttökutölur frá TFK hafa ekki borist.



### Menningarhúsin í Kópavogi.

Eftirfarandi er fjöldi skráninga á sumarnámskeið Menningarhúsa Kópavogs. Hvert námskeið var ein vika 5 virkir dagar, NáttúruKrakkar 21. – 25. júní, BókaKrakkar og MenningarKrakkar 16. – 20. ágúst.



### Sumarvikur í Klettaskóla Reykjavík.

Sumarvikur í frístundaklúbb Guluhlíðar og Öskju í Klettaskóla eru fyrir börn og unglinga með fötlun og eiga lögheimili í Kópavogi. Aldur barnanna er frá 7 til 16 ára. Úthlutað var 96 sumarvikum til 12 barna. Kostnaður Kópavogsbæjar vegna þjónustunnar var 21.245.690 kr. sem er hækkun um tæpar 4,7 milljónir frá síðasta ári. Skýring hækkunar er bæði hækkun á kostnaði pr. viku hjá Reykjavíkurborg (var 155.300 kr. sumarið 2020 og 176.900 kr. í ár) og aukin þjónustuþörf einstakra barna.

### **Starfs – og frístundaþjónusta í Vinaskjóli Hafnarfirði.**

Vinaskjól er starfs -og frístundaþjónusta fyrir ungmenni með fötlun. Þrjú ungmenni sækja frístundaþjónustu í Vinaskól á veturna og sóttu um að vera þar áfram í sumar. Ungmennin eru á aldrinum 16 til 20 ára með búsetu í Kópavogi. Vinnu – og frístunda tímabil ungmenna 16 og 17 ára voru 6 vikur og 8 vikur fyrir 18 ára og eldri. Þjónustan við aldurshópana nær yfir 10 vikna tímabil - 2 ungmenni voru í þjónustu Vinaskjóls. Reikningur vegna þjónustunnar hefur ekki borist.

### **Sumarnámskeið utan Kópavogs.**

Eftirfarandi námskeið voru til kynningar á vef SUMAR Í KÓPAVOGI.

Draumar leikfélag, Keilir Ásbrú, Klifið – skapandi setur, Listskauta – og íshökkínámskeið, Skautafélag Reykjavíkur, Skema tækninámskeið haldin í Háskólanum í Reykjavík og Tækniskóli unga fólksins.

**Skýring þess að áðurnefnd námskeið eru auglýst á vef sumarnámskeiða er, að sambærileg sumarnámskeið eru ekki í boði innan bæjarfélagsins.**